

41. fundur miðstjórnar RSÍ  
haldinn þann 19 september 2014 að Stórhöfða 31

Mættir:

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Ómar Baldursson, Birna Dögg Gräns, Guðrún S Bergþórsdóttir, Brynjar Svansson, Sigurjón Ingvarsson, Sighvatur Sighvatz, Júlía Björk Þórðarsóttir, Finnur Víkingsson, Jón Óskar Gunnlaugsson, Hafliði Sivertsen, Jakob Tryggvason, Andri Jóhannsson, Eyjólfur Ólafsson og Bára Halldórsdóttir sem ritar fundargerð.

Boðuð forföll: Einar Kristinsson, Jón Ingi Skúlason og Svanborg Hilmarsdóttir.

Varamenn boðaðir: Brynjar Svansson,

Dagskrá:

1. Fundargerð 40. fundar, fundargerð 39. fundar:

Lagðar fram fundargerðir 39. og 40. funda. Fundargerðir eru sendar fundarmönnum til yfirlestrar. Fundarmenn samþykkja að koma með athugasemdir við fundargerðir ef einhverjar eru að öðrum kosti teljast þær samþykktar.

Ein athugasemd kom við fundargerð 39. fundar, lið 9.

*“Miklar umræður og afar skiptar skoðanir voru á meðal miðstjórnarmanna urðu um kaup á handritinu „Hvítu kolin“ sem fjallar um sögu rafíðnaðarins á Íslandi allt til ársins 2011. Kostnaður við handritið hækkaði frá upphaflegu samþykki miðstjórnar og voru mjög skiptar skoðanir um hvort drög að samningi væru aðgengileg fyrir RSÍ. Umræðu lauk með atkvæðagreiðslu og féllu atkvæði þannig að drögum að samningi var hafnað af miðstjórn.*

*Sökum mikilvægi þess að halda sögulegum upplýsingum til haga og mögulega auðvelda útgáfu þess efnis þá var hins vegar samþykkt að bjóða Guðmundi Gunnarssyni styrk upp á 2.500.000 kr, háð samþykki hans.”*

2. Kjarasamningar

a. Minnisblað um fjárlagafrumvarpið  
b. Drög að ályktun

Kristján fór yfir þau áhrif sem Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2015 hefur á fjárhag heimilanna, sjá meðfylgjandi minnisblað. Rætt var um þau atriði sem tilgreind eru á minnisblaðinu m.a. um verkefnið „Allir vinna“ og Virk. Kristján bað fundarmenn um að kynna sér minnisblaðið vel.

Kristján hefur boðað allar samninganefndir til fundar miðvikudaginn 24. september og munu þær stilla saman strengi sína fyrir komandi kjarasamninga. Kaupmáttur jókst við síðustu samninga en erum við sá hópur sem getur dregið þann vagn? Okkar hópur þarf leiðréttingu á laun og spurning hvaða prósentutala dugar þar til. Reynt verður að fara hófsemisleið til að tryggja stöðugleika en ekki er ólíklegt að við þurfum að sýna tennurnar!

Við þurfum að virkja almenna félagsmenn til þátttöku og undirbúa ferlið vel. Fara á vinnustaðina og heyra í fólki, hvernig er staðan, þjappa fólki saman og undirbúa jarðveginn.

Ályktun vegna fjarlagafrumvarpsins 2015 samþykkt og verður hún send þar til bærum aðilum og sett á heimasíðu RSÍ.

Ákveðið að fara í fundarferð að lokinni trúnaðarmannaráðstefnu sem verður í nóvember.

### 3. Málefni trúnaðarmannaráðstefnu RSÍ 13.-14. nóvember.

Drög að dagskrá sett fram. Aðalverkefni ráðstefnunnar verða væntanlegar kjarasamningaviðræður. Spurning að fá einhvern til að tala um samningatækni og undirbúning þeirra, Haukur Ingi Jónasson var nefndur. Hugmynd að fara í hópastarf. Fara yfir handbók fjármála. Samþykkt að bjóða samninganefndum að taka þátt í ráðstefnunni, það myndi auka vægi hennar og þjappa hópnum saman. Haldið verður áfram að vinna að dagskrá ráðstefnunnar. Stjórn vinnudeilusjóðs verður kölluð saman til að yfirfara verkferla.

### 4. 41.Þing ASÍ 22.-24. október 2014

Inn á drifinu eru fylgigögn fyrir þingið, boðun þings, drög að dagskrá, málefnavinna minnisblað og kjörbréf.

Stjórnir félaganna þurfa að velja sína fulltrúa og óskar Kristján eftir upplýsingum um þá. Ef áhugi er fyrir því að senda inn tillögur þá þarf að gera það fjórum vikum fyrir þing. Kjósa þarf nýjan varaforseta en Gylfi mun gefa kost á sér áfram.

### 5. Handbók fjármála

Meðfylgjandi er Handbók fjármála útgáfa 2011. Nokkur atriði þarf að uppfæra td. varðandi vinnutap og einnig vantar upplýsingar um að sambandið er að greiða ASDL tengingu frá Símanum til þeirra miðstjórnarmanna sem að þess óska. Fundarmenn eru beðnir um að kynna sér skjalið og koma með athugasemdir eða breytingar ef áhugi er fyrir hendi. Athuga þarf hvort rétt skjal sé á heimasíðunni og laga ef að með þarf.

### 6. Orlofssjóður

Farið var yfir nýtingu tjaldstæða við Apavatn sjá meðfylgjandi blað. Það lítur út fyrir að færri hafi gist svæðið nýliðið sumar miðað við í fyrra. Þá var farið yfir ýmis mál er varða svæðið. Td. rafmagnsnotkun í húsunum.

Farið var yfir meðfylgjandi verkefnalista frá Skógarnesi.

Forgangsraða þarf verkefnum og tryggja öryggi á leiksvæðum. Huga þarf að öðrum húsum orlofssjóðs einnig.

Samþykkt að halda við því sem nauðsynlegt er.

#### 7. Netmál Stórhöfða 27-31

- a. Meraki tilboð - minni eldveggur -TRÚNAÐARMÁL!
- b. Meraki tilboð - stærri eldveggur -TRÚNAÐARMÁL!

Uppfæra þarf net-búnað þar sem hann er orðinn amk. 10 ára gamall. Sl. tvo mánuði hafa sambandinu borist háir reikningar vegna niðurbætur sem ekki er vitað hver stendur fyrir. Guðfinnur Traustason starfsmaður Rafiðnaðarskólans kom á fundinn og fór yfir netmál á Stórhöfða 27 og 31. Hann kynnti Meraki frá Cisco sem er stjórnkerfi sem getur stjórnað gagnamagni sem hægt er að taka niður. Þetta er öflugur eldveggur. Lögð eru fram tvö tilboð frá Opnum kerfum. Samþykkt að fela Kristjáni að vinna þetta áfram .

#### 8. Önnur mál

Fundarmenn eru minntir á kveðjuhóf fyrir Birnu verður að loknum fundi. Samþykkt að færa henni gjöf við starfslok frá sambandinu. Sighvatur biður um að fundur verði færður til 13:15 vegna óhagstæðra vindátta.

Ekki meira fært til bókar og fundi slitið kl. 15:55.